Fundargerð 11. fundar deildar leiðsögufólks í VR

Fundarstaður og dagsetning: Fjarfundur, 6. maí 2026 kl. 20-21.30

Mætt: Halldór Kolbeins, Pétur Gauti Valgeirsson, Þór Bínó Friðriksson, Örvar Már Kristinsson, Jón Páll Baldvinsson, Soffía Sóley Helgadóttir (fór kl. 20:32), Bryndís Kristjánsdóttir og Aðalheiður Rán Þrastardóttir

Næsti fundur: 2. júní ´26, fjarfundur á Teams kl. 20 – 21:30

Fundarritari: Aðalheiður Rán Þrastardóttir

Málsnúmer í One: 2506279

Fundi var frestað frá 5. maí til 11. maí vegna veikinda.

Halldór stýrir fundi, setur fund kl. 20:05.

Fundargerð 10. fundar

Engar athugasemdir við síðustu fundargerð.

Vakið athygli á því að ef eitthvað er samþykkt milli funda verður það bókað í næstu fundargerð.

Verkefni, staðan

Fundartímar fram á haust. Stuttir hnitmiðaðir fjarfundir á kvöldin fram á haust, um klukkustund og hálftími til umræðu ef þarf. Spurt er hvort þau málefni er voru til vinnslu í vor verði ekki tekin á fundi í haust þegar hægt er að setja niður fremur en að kasta þeim á milli nú í sumar. Því játað, markvissari vinna með þeim hætti. Ef taka þarf sérstaka ákvörðun milli funda er það hægt með rafrænum hætti.

Skjöldurinn og plastskírteini. Skólarnir eru að útskrifa á þessum tíma og var tekin sú ákvörðun að allir sem eru að útskrifast nú í vor fái skjöldinn að gjöf frá VR við útskrift. Ef einhver hefur týnt skildinum er hægt að kaupa hann hjá VR.

Farið yfir reglur um hver fær plastskírteinin, þ.e. þau sem hafa greitt einhver iðgjöld til félagsins árið 2026 geta sótt um plastskírteini. Allir sem eru í deildinni fá rafrænt skírteini sent við fyrstu iðgjaldagreiðslu í félagið. Stjórnarmaður setti inn færslu á FB þar sem leiðsögufólk var hvatt til að sækja um skírteini. Ef leiðsögufólk gengur um með skírteinin ýtir það við öðrum að gera slíkt hið sama. Skjöldurinn segir til um að leiðsögufólk sé með leiðsögumenntun en skírteinið um að greitt sé í félagið, og vonandi eftir kjarasamningi. Þau sem greiða í önnur stéttarfélög en VR geta ekki fengið plastskírteinið þar sem þetta er í raun félagsskírteini VR.

Taka þarf ákvörðun um hvort þau sem ekki gátu fengið skjöldinn á ákveðnum tímapunkti, þegar hann var tekinn úr umferð, fái hann að gjöf nú. Vilji er til að allir sem klárað hafi leiðsögunám á Íslandi séu sýnileg með skjöldinn því vilji er til að fagfólk sinni starfinu.

Áður var það svo að þau sem voru í fagdeildinni, þ.e. höfðu útskrifast úr EHÍ, Símenntun HA eða Leiðsöguskólanum, greiddu þar af leiðandi aðildargjaldið og sumir einnig stéttarfélagsgjöld, gátu fengið skjöldinn og greiddu þá ekki sérstaklega fyrir hann nema ef þau fengu hann í annað sinn s.s. ef hann týndist. Skjöldurinn var s.s. merki fagdeildarinnar. Frá ca. 2023 fékk fólk þó ekki skjöldinn. Leiðsögufólk útskrifað úr Ferðamálaskólanum fékk skjöldinn ekki fyrr en nú en áður hafa þau einnig verið með annan skjöld

Umræða um hver skuli fá skjöldinn og greiða hvað fyrir. Talið að þau sem fengu ekki skjöldinn frá 2023 skuli borga eins og hann væri týndur. Stjórnarmanni finnst ekki ásættanlegt að leiðsögufólk útskrifað úr Félagsmálaskólanum fái skjöldinn afturvirkt þar sem ekki var hægt að sjá námskrá skólans í langan tíma. *Soffía víkur af fundi*. Huga þurfi að markmiðinu til lengri tíma, gæta þurfi að því að skjöldurinn leiði ekki til sundrungar og er vilji til þess að margir skildir séu í umferð. Við þurfum að geta sýnt fram á að félagið keyri í eina átt sé vilji til samstarfs t.d. við ráðuneyti varðandi starfsleyfi. Viljum við mögulega ,,gefa afslátt“ af þessari kröfu til að ná sátt og útiloka ekki ákveðinn hóp. Enginn skólanna getur í raun staðfest að hafa kennt skv. staðlinum (ÍST EN 15565:2008) fyrr en nú og náðu þeir allir viðmið við mat á námskrá þeirra í haust.

Ef við ætlum að láta fólk greiða fyrir skjöldinn afturvirkt er óeðlilegt að gefa nýútskrifuðum hann.

Skjöldurinn hefur verið mikið bitbeint, birtingamynd dýpri bitbeina, að allir séu ekki með sömu menntun. Búið er að gera úttekt á skólunum, leiðsögufólk úr Ferðamálaskólanum hefur unnið við leiðsögn og er ekki síðra leiðsögufólk en annað. Er hægt að draga einhverja línu í sandinn og sameina fólkið í stéttinni. Við þurfum að bera virðingu hvort fyrir öðru óháð bakgrunni. Það þarf að hefja og ljúka þessu máli þó að það klárist ekki í kvöld. Þurfum að gæta okkar að gera ekki meiri gjá á milli fólks en nú þegar er. Deilur innan félagsins hafa ollið því að ráðamenn ferðamála hafa ekki viljað koma að borðinu þegar beðið hefur verið um. Þarf að leggja skjöldinn niður þar sem það verður alltaf sundrung ef gefinn er afsláttur varðandi fólk sem ekki fékk nám við hæfi. Þegar kallað var eftir námsskrá úr skólunum var hún afhent frá öllum skólum nema einum. Skýrt er að það verði ekki sátt í hvora áttina sem farið verður. Á að leggja þennan skjöld niður, gera annað eða gera eitthvað allt annað – t.d. skírteini útgefið af stjórnvöldum sem segir til um sé fólk faglært.

Ekki lagt til að fara með málið lengra í kvöld. Vill fólk sérfund um málefnið? Lagt til að formaður taki stöðuna og komi með tillögur á næsta stjórnarfund. Taka samantekt af því sem rætt hefur verið og skoða mögulegar lausnir. Nú þegar hafa skildir verið gefnir skólunum fjórum fyrir útskriftarnema þessa árs. Skoðun einhverra að þetta eigi heima hjá stjórnvöldum en ekki stéttarfélagi. Stjórnvöld eru þó ekki til í þetta núna og því er þetta hér. Auðvitað er lausnin að einhver æðri gefi út skjöld eða annað en það er erfitt að leggja það í hendur þeim ef það er ekki sátt – þurfum að finna sem víðtækustu sáttina, má ekki vera útsala á honum en lausnina þarf að finna.

Komið til formanns til skoðunar fyrir næsta fund.

Breytingartillögur af aðalfundi. Starfskraftur og Örvar segja frá. Fundað var með tveimur aðilum sem lögðu fram breytingartillögur á aðalfundi 2025. Einhverjar tillögurnar voru samþykktar beggja vegna, aðrar ekki. Það sem ekki er samþykkt um geta félagar aftur lagt til á næsta aðalfundi að hausti 2026. Tillögurnar verða skoðaðar betur í stjórn þegar nær dregur hausti og fólk getur sest niður, þá hvort hægt sé að taka tillit til einhverra þeirra tillaga er upp komu á fundinum.

Vinnustaðaeftirlitið. Formaður segir frá. Fundur með skattinum og lögreglunni, Örvarir, Pétri, Halldóri, Kollu úr vinnustaðaeftirlitinu og Heiðu, starfskrafti deildar. Einhver misbrestur var á í vinnustaðaeftirlitinu sl. sumar. Lögreglan vill fara aftur með okkur í sumar og verið er að skipuleggja það. Þau eiga að vera komin með hlekkinn á reiknivél verktakanna. Sammælst um að það sé gott að hafa þetta samtal milli aðila. Farið var yfir málin eins og þau voru, það á að fara aftur í eftirlit í sumar. Spurning um að halda áfram því góða starfi sem farið var í fyrra. Kom gott úr þessum fundi - lögreglan, skatturinn og VR fara aftur í sumar. Gott að ekki sé einungis farið einu sinni heldur haldið áfram. Kom fram á fundinum að þó fólk hafi unnið sem leiðsögufólk en var skráð sem fararstjórar leit VMST einungis á skráninguna en ekki á hvernig raunverulega var unnið. Vont þegar starfsfólk í eftirlitinu þarf að fara heim kl. 16 – þá kemur brotaliðið bara eftir það.

Sýnileiki og bæklingar. Erum með VR bæklinga, ,,um VR“, mikilvæg ákvæði kjarasamnings og verið er að klára veggspjald til upphengingar til að auka sýnileika okkar. Skoða möguleikann á að vera með plastvasa fyrir neðan veggspjaldið fyrir bæklinga. Mikilvægt að hafa veggspjaldið á þessum helstu stöðum og svo bæklingana til að grípa í og glugga í þegar það sest niður. Stjórnarfólk sér kannski ekki fyrir sér að þau séu með bæklingana við hendi til dreifingar en biður um hvort hægt sé að pinna QR kóða til flýtis efst á FB síðu stjórnar þannig að það sé hægt að beina fólki á síðuna.

Starfslýsingar

Taxtinn okkar er byggður þannig að annars vegar er almenn leiðsögn og ökuleiðsögnin er svo með 50% álagi. Erum svo t.d. með fjallaleiðsögn þar sem starfsfólk tekur gjarnan námskeið, í raun öryggisnámskeið, og þá kemur upp sú spurning hvort fólk eigi að fá álag vegna þess? Settar voru ákveðnar reglur í kringum þjóðgarðinn, þau sem vinna þar þurfa að fara eftir þessum reglum en þau sem vinna í íshellum og á t.d. snjósleðum utan þjóðgarða þurfa þess ekki. Því er velt upp hvort fljótlegra sé að fara þá að leið að gera starfslýsingu heldur en að þurfa að fara í gegnum kjarasamninga til að fá álag fyrir þennan hóp. Vilji er til staðar hjá Hæfnisetri og lögmaður SA vill fara skoða þrjú störf í einu. Það fer ákveðin vinna í gang sem mögulega er hægt að samnýta en það kostar að fara í svona vinnu. Er þetta vegferð sem við viljum fara í? Þá kemur einnig upp spurningin um starfslýsingu leiðsögufólks. Haukur hjá Hæfnisetri ferðaþjónustunnar vildi meina að það væri þess virði að fara yfir það aftur. Metum við það svo að það þurfi að fara aftur yfir starfslýsinguna frá 2018? Vinnan hefur breyst, ýmis skrifstofuvinna hefur færst til leiðsögufólks, breyting er á hvers ætlast er til af leiðsögufólki.

Eigum við að halda þessu áfram og móta einhverja stefnu?

Umræða er um þetta. Ekki allir komnir djúpt í málið svo ekki vilji strax til að segja til um hver lokaniðurstaða sé. Tilfinning er fyrir því að ýmist hafi færst yfir á leiðsögufólk. Gott að verja svolitlum tíma að skoða þetta betur. Eru einhverjar aðrar opinberar starfslýsingar fyrir starfið? Lýsingar á öðrum leiðsögustörfum ættu að vitna í almennt leiðsögustarf. Áður en hægt er að gera kröfu um hvað t.d. jöklaleiðsögumaður skal

gera þarf að vita hvaða kröfur eru gerðar á leiðsögumann. Erfitt er að nota starfaprófíl frá 2018 fyrir þá vinnu.

Sammælst um það að skoða þetta betur og einnig um að starfslýsing frá 2018 sér úreld, textann þarf að uppfæra. Þegar hefur verið tekið saman hvernig skilgreining er á starfinu í N-Ameríku og helstu ríkjum í ESB, ásamt skilgreiningu FEG. Helsti munurinn í þeirri vinnu er að leiðsögumaður á Íslandi er allt í senn leiðsögumaður, fararstjóri og hópstjóri en erlendis eru þetta gjarnan þrjú störf. Þetta er málefni sem á við fyrir allt stjórnarfólk og því síður vilji fyrir því að setja þetta í nefndarvinnu.

Önnur mál

Lagt til að aðaláherslan verði lögð á starfslýsingar fram að næsta fundi/haust.

Farið yfir raunfærnimatið, þ.e. nú eru komnar dagsetningar fyrir skimunarviðtal og raunfærnimatið sjálft og fer það í auglýsingu fljótlega. Talið upp hverjir eru í stýrihópi til undirbúnings matinu. Raunfærnimatið er til mats á reynslu fólks, almennt ekki svo að fólk geti sleppt námi en getur oft stytt það.

Stefnt á að Stjörnu-Sævar komi aftur í haust en hann er með fyrirlestur í næstu viku.

25 plastskírteini hafa verið prentuð ásamt 12 skjöldum.

Næsti fundur á sama tíma, í fjar.

Fundi slitið kl. 21:36.